



## Aðrar athafnir og þjónusta

### Heityrði pars

Siðmennt býður einnig uppá athöfn i tilefni heita para sem vilja tjá ást sína formlega án þess að giftast.

### Endurnýjun heityrða / brúðkaupsafmæli

Hjón geta endurnýjað giftingarheit sín með fallegri athöfn t.d. á brúðkaupsafmæli þeirra.

### Vinarheit

Sumir vilja halda upp á sérstök vinatengsl, afmæli mikillar vináttu eða endurfundi.

### Stórafmæli eða tímamót

Þegar halda á stórafmæli gæti verið við hæfi að fá athafnarstjóra frá Siðmennt til að halda stutta hugvekju eða fara með ljóð.

## Um Siðmennt

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi var stofnað árið 1990. Félagið er **lífsskoðunarfélag** og hefur að viðfangsefni siðferðismál, þekkingarfræði og félagslegar athafnir fjölskyldna.

Með **lífsskoðun** er átt við þau viðhorf og lífsgildi sem eru okkur persónulega mikilvæg og nánin, eins konar innri sannfæringu sem við höfum að leiðarljósi í lífinu.

Mannvirðing, frelsi og samábyrgð eru **siðferðilegir hornsteinar** manngildishyggjunnar / húmanismans.

Siðmennt styður við vísindalegar aðferðir til að **leita þekkingar** um veröldina og lífheiminn.

Siðmennt býður uppá þjónustu **athafnarstjóra** við nafngjafir, giftingar og útfarir, auk vandaðs námskeiðs til undirbúnings fyrir borgaralega fermingu.

Nánari upplýsingar má finna á [www.sidmennt.is](http://www.sidmennt.is)



## Athafnaþjónusta Siðmenntar

### Gifting




### Nafngjöf



## Heit ástar og umhyggju

*- einstakar og persónulegar athafnir  
á veraldlegan / húmanískan máta*



Aðrir bæklingar Siðmenntar:

- Hvað er Siðmennt?
- Veraldlegar útfarir
- Borgaraleg ferming



*Gifting óháð trú  
- opin öllum, en athöfnin  
byggist ekki á trúarlegu innihaldi*

## Húmanísk/veraldleg gifting - heit ástar og umhyggju

Siðmennt býður uppá þjónustu **athafnarstjóra** við húmanískar / veraldlegar giftingar.

Athöfnin byggist á fögnuði yfir lífinu og þeirri hamingju sem ríkir í sambandi byggðu á ást, virðingu, trausti og samferð í gleði og sorg.

Í athöfninni felst húmanísk hugvekja, tónlist, söngur og ljóðalestur innanhúss eða úti í náttúrunni.

*www.sidmennt.is  
sidmennt@sidmennt.is*

## Húmanísk gifting - ástin ræður



Siðmennt gerir ekki upp á milli ástarsambanda og leiðir þör saman til giftingar óháð kynhneigð. Þannig verða samkynhneigð þör að hjónum með sömu stöðu og þau gagnkynhneigðu í augum húmanista. Ástin ræður.

Fyrir húmaníska / veraldlega giftingu þarf parið að gifta sig borgaralega hjá sýslumanni, ætli það að njóta lagalegrar réttarstöðu hjónabandsins.

Siðmennt sækist eftir því að njóta sömu lagalegu réttinda og þau lífsskoðunarfélög sem aðhyllast trú á æðri mátt til þess m.a. að hafa umboð til lögskráninga giftinga.

*Skv. lögum þarf að gefa barni nafn innan  
6 mánaða aldurs. Öll nöfn á mannanafnaskrá  
eru leyfileg. Gefa má eitt millinafn. Skila þarf inn  
útfylltu eyðublaði með nafninu til Þjóðskrár.*

## Nafngjafir



Siðmennt býður uppá athafnarstjórnun við nafngjafir. Athafnarstjóri undirbýr athöfnina í samráði við foreldra eða forráðamenn barnsins.

Halda má athöfnina hátíðlega heima í stofu eða samkomusal. Í athöfninni felst húmanísk hugvekja, tónlist, söngur og ljóðalestur allt eftir óskum hvers og eins.



*Nánari upplýsingar á [www.sidmennt.is](http://www.sidmennt.is)  
Netfang: [sidmennt@sidmennt.is](mailto:sidmennt@sidmennt.is)*